

Erindisbréf félags- og menningarmálanefndar

Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu, jafnréttismál, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, forvarna, áfengis- og vímuvarna og húsnæðismála. Nefndin fjalli enn fremur um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu. Þá fjalli nefndin um menningarmál í sveitarfélaginu þar með talin almenningsbókasöfn og félagsheimili.

Nefndin fjalli um framangreinda málaflokka samkv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, um málefni fatlaðra nr. 59/1992, um málefni aldraðra nr. 125/1999, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, um áfengislög nr. 75/1998, um húsnæðismál nr. 44/1998 um íþróttalög nr. 64/1998, um æskulýðslög nr. 70/2007, um félagsheimili nr. 107/1970 og um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 sem og öðrum þeim lögum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.

Hlutverk nefndarinnar er:

I

Að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í þeim málum sem undir nefndina heyra svo sem fjölskyldustefnu, forvarnamál, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu bókasafna, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu félagsheimila, rekstrarfyrirkomulag og nýtingu íþróttamannvirkja, æskulýðs- og íþróttamál og félagsstarf eldri borgara.

II

Að gera tillögur til sveitarstjórnar um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustu sveitarfélagsins, s.s. á sviði félagslegrar ráðgjafar, heimaþjónustu og liðveislu.

III

Að veita sveitarstjórn umsögn um samninga um aðkeypta þjónustu við aldraða og fatlaða, um félagsþjónustu og heilsugæslu.

IV

Að nefndin veiti sveitastjórn umsögn um mál og málflokka sem undir nefndina heyra og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar.

V

Að gera árlega fyrir lok októbermánaðar tillögur til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á þeim sviðum sem undir nefndina heyra.

VI

Að starfa og hafa frumkvæði að margvíslegum málefnum sem snerta starfssvið nefndarinnar með hliðsjón af lögum og reglum sem við eiga hverju sinni.

06.06.2011